

ERINDISBRÉF

fyrir byggðarráð Húnaþings vestra.

1. gr. Stjórnskipuleg staða

Byggðarráð heyrir undir sveitarstjórn Húnaþings vestra. Sveitarstjóri starfar með byggðarráði.

2. gr. Skipan ráðsins

Í byggðarráði eiga sæti þrír sveitarstjórnarfulltrúar sem sveitarstjórn kýs til eins árs í senn samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Húnaþings vestra. Á sama hátt eru kjörnir þrír sveitarstjórnarfulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa hefur sveitarstjóri rétt til að sitja fundi byggðarráðs með málfrelsi og tillögurétt. Sveitarstjórn kýs formann og varaformann byggðarráðs úr hópi kjörinna fulltrúa í byggðarráði. Hafi flokkur eða framboðsaðili sem fulltrúa á í sveitarstjórn ekki fengið kjörinn fulltrúa í byggðarráð er honum heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum byggðarráðs sbr. 31. gr. samþykktar um stjórn sveitarfélagsins Húnaþing vestra. Sveitarstjóri eða fulltrúi hans ritar fundargerð.

3. gr. Hlutverk

Byggðarráð fer með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins ásamt sveitarstjóra og framkvæmdaráði í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og samþykktar sveitarfélagsins. Hlutverk byggðarráðs er eftirfarandi:

- Að annast ásamt sveitarstjóra framkvæmda- og fjármálastjórn sveitarfélagsins, að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.
- Að hafa eftirlit með stjórnslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess.
- Að hafa yfirumsjón með rekstri allra stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins.
- Að undirbúa og annast yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlana og viðauka við þær fyrir sveitarfélagið og fyrirtæki þess að fengnum tillögum frá hlutaðeigandi ráðum og forstöðumönnum.
- Að samþykkja ársreikning sveitarfélagsins þannig að hann sé tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn innan lögbundinna tímamarka.
- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella.
- Að fara með atvinnu-, markaðs- og kynningarmál.
- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um uppbyggingu ferðamannþjónustu á vegum sveitarfélagsins.
- Að fara með málefni bókasafna, héraðsskjalasafns og félagsheimila að undanskildu Félagsheimilinu Hvammstanga sem heyrir undir félagsmálaráð vegna uppbyggingar samfélagsmiðstöðvar í húsinu.
- Að fara með mál er tengjast menningarstarfsemi á vegum sveitarfélagsins.
- Að sinna starfsmannamálum sveitarfélagsins. Hafi öðrum ekki verið falið það verkefni með lögum eða samþykkt sveitarstjórnar þá hefur byggðarráð yfirumsjón með

starfsmannaráðningum og uppsögnum starfsfólks. Auk þess hefur byggðarráð eftirlit með öllu öðru starfsmannahaldi.

- Að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðgjafar í málaflokkum sem falla undir verksvið ráðsins.

4. gr. Starfshættir

Í störfum sínum skal byggðarráð taka mið af þeim lögum, reglugerðum og samþykktum sem undir starfsvið þess heyra. Þá skal ráðið fylgja samþykkt um stjórn Húnaþings vestra eftir því sem við á eins og hún er hverju sinni ásamt öðrum áætlunum, samþykktum og reglum sem samþykktar hafa verið af sveitarstjórn.

Byggðarráð kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma að jafnaði einu sinni í viku. Skal ráðið gera samþykkt um þennan fundartíma á fyrsta fundi sínum að höfðu samráði við sveitarstjóra.

Sveitarstjóri sér um að boða ráðið til fundar í samráði við formann ráðsins og sjá þeir sameiginlega um undirbúning funda ráðsins. Fundarboðun skal að jafnaði vera rafræn og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Fundarboð skal sent fulltrúum í ráðinu og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólahringum fyrir fund.

Formaður byggðarráðs stýrir fundum ráðsins í samræmi við ákvæði samþykktar um stjórn Húnaþings vestra.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Fundargerð skal skrá í í tölvu. Þar skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Jafnframt skal skrá einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu ráðsins. Birta skal fylgigögn mála í samræmi við reglur um birtingu gagna með fundargerðum á heimasíðu Húnaþings vestra. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Heimilt er að undirrita fundargerðir með rafrænum hætti. Sveitarstjóri hefur umsjón með vinnslu fundargerðar og leggur hana fram með dagskrá næsta sveitarstjórnarfundar.

5. gr. Eftirfylgni

Formaður byggðarráðs og aðrir fulltrúar í byggðarráði skulu snúa sér til sveitarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktá ráðsins.

6. gr. Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í byggðarráði gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr.138/2011 með síðari breytingum og samþykktar um stjórn Húnaþings vestra.

Fulltrúa í ráðinu er skylt að sækja fund nema lögmaet forföll hamli. Skal hann boða varamann sinn og láta formann ráðsins vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi í ráðinu á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann upplýsingum um efni þess til formanns eða sveitarstjóra a.m.k. þremur sólahringum fyrir fund. Heimilt er að

taka mál til meðferðar í byggðarráði þótt það sé ekki tilgreint í dagskrá, en skylt er að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver fulltrúi í byggðarráði óskar þess.

Fulltrúar í ráðinu skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum, reglugerðum, samþykkt um stjórn Húnaþings vestra og öðrum áætlunum, samþykktum og reglum sem samþykktar hafa verið af sveitarstjórn í atkvæðagreiðslu um málefni í byggðarráði.

Fulltrúar í ráðinu eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir ráðið og eiga að fara leynt samkvæmt lögum, eðli máls eða samþykktum 2/3 hluta fulltrúa í ráðinu, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst eftir að fulltrúi lætur af störfum í ráðinu.

Gæta skal sérstaklega að því að unnið sé í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Fulltrúar í ráðinu skulu kynna sér vandlega lagareglur um hæfi til afgreiðslu einstakra mála. Fulltrúi í ráðinu sem telur hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því og ef við á víkja af fundi við umræðu og afgreiðslu máls.

Samþykkt á 405. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra sem fram fór þann 18. júní 2026.